

**Ed.**

**753. Lög**

um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tollaga, nr. 54 11. júlí 1911.

(Afgreidd frá Ed. 20. maí).

**1. gr.**

Fyrir 1. lið i 1. gr. laganna komi:

1. a. Af allskonar öli kr. 0,80 af hverjum lítra.
- b. Af límonaði og öðrum samskonar óáfengum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, kr. 0,30 af hverjum lítra.

Fyrir 8. og 9. lið i 1. gr. laganna komi:

8. a. Af óbrenndu kaffi allskonar kr. 0,60 af hverju kg.
- b. Af brenndu kaffi allskonar kr. 0,80 af hverju kg.
9. Af kaffibæti allskonar kr. 1,60 af hverju kg.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.